

Mánudaginn 14. mars 1988.

Nr. 17/1988. **Gísli J. Johnsen -
skrifstofubúnaður sf.**

gegn

**Eignabankanum hf. og
Lind hf.**

Þingsókn.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta úrskurða hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari.

Málavextir eru þeir, að með úrskurði fúðgetaréttar Reykjavíkur 17. desember 1987 var kröfu áfrýjenda um fjárnám hjá stefnda Eignabankanum hf. í I.B.M. tölvu með hörðum disk, I.B.M. skjá, lykklaborði og prentara, Ergo tölvu með I.B.M. skjá og Epson prentara synjað, þar eð stefndi Lind hf. hefði sýnt fram á eignarrétt sinn að skrifstofubúnaði þessum.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1988 til þingfestingar 1. febrúar s.á. Þá var eigi sótt þing af hálfu stefndu. Er málið kom fyrir 2. mars sl. létu stefndu sækja þing og óskuðu að koma að vörnum. Því var mótmælt af hálfu áfrýjanda. Var málið tekið til úrskurðar um ágreininginn.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að Eignabankinn hf. hafi þegar greitt fjárnámskröfuna alla og því hafi þeir talið að áfrýjandi myndi láta málið niður falla og af þeim sökum eigi látið sækja þing við þingfestingu. Þar sem áfrýjandi hyggist hins vegar halda málinu áfram, sé þeim nauðsyn að halda uppi vörnum, enda séu miklir hagsmunir stefndu í húfi, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973.

Þar sem telja verður mikla hagsmuni í húfi fyrir stefndu að halda uppi vörnum í máli þessu, þykir rétt, með vísan til 2. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973, að heimila þeim það enda skili þeir greinargerð fyrir 18. mars 1988.

Á l y k t a r o r ð:

Stefndu, Eignabankanum hf. og Lind hf., er heimilt að halda uppi vörnum í máli þessu enda skili þeir greinargerð fyrir 18. mars 1988.